

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 81/2009

frá 3. júlí 2009

um breytingu á IV. viðauka (Orka) og XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2008 frá 26. september 2008 ⁽¹⁾.
- 2) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2009 frá 29. maí 2009 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008 um hagskýrslur um orkumál ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 27. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1775/2005) í IV. viðauka við samninginn:

„28. **32008 R 1099**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008 um hagskýrslur um orkumál (Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1) ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Skráð hér eingöngu í upplýsingaskyni; um beitingu ákvæðanna sjá XXI. viðauka um hagskýrslugerð.“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 26. lið (tilskipun ráðsins 90/377/EBE) í XXI. viðauka við samninginn:

„26a. **32008 R 1099**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1099/2008 frá 22. október 2008 um hagskýrslur um orkumál (Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa ekki að taka saman gögn samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar nema að því er varðar gögn um innflutning og útflutning orku og orkugjafa

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 24, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 232, 3.9.2009, bls. 30, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 47, 3.9.2009, bls. 34.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 1.

hvers konar og raforkuframleiðslu til útgáfu í árlegri hagskýrslu um orkumál (viðauka B).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1099/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júlí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.